

**Nd.**

**713. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir á nokkrum fundum haft frv. þetta til meðferðar, ásamt framkomnum breytingartillögum við það. Einnig hefir hún aflað sér skýrslna og upplýsinga frá vegamálastjóra og kvatt hann tvisvar til viðtals.

Nefndin telur að visu tímabært að endurskoða vegalögin frá 1924 og gera á þeim verulegar breytingar, bæði að efni og formi, en álitur hinsvegar frumvarpið með viðaukatillögum þess ófullnægjandi undirstöðu slíkrar endurskoðunar, enda hnígur álit vegamálastjóra mjög í sömu átt. Hann hefir skýrt nefndinni frá því, að hann hafi með höndum undirbúning og tillögur að heildarskipun vegakerfisins, sem hann væntir að geta lagt fyrir næsta þing með fyllri greinargerð, mælingum og kostnaðaráætlunum en nú er kostur að birta.

Þar sem nú er mjög á þing liðið og vonlaust um afgreiðslu málsins að þessu sinni, en líkur allar lúta að því, að það geti legið fyrir næsta þingi vandlega undirbúið, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 11. maí 1932.

Sveinn Ólafsson,	Ing. Bjarnarson,	Sveinbjörn Högnason.
form., frsm.	fundaskrifari.	
Jóhann P. Jósefsson.	Jón A. Jónsson.	